

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Kjarnalundur, deiliskipulag lóðar.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 1. apríl 2003 samþykkt deiliskipulag lóðar Kjarnalundar við Kjarnaskóg. Á skipulaginu eru m.a. byggingarreitir fyrir stækkun Kjarnalundar og fyrir stakstætt félagsheimili norðan hans.

Einnig er þar sett kvöð um umferðarrétt yfir lóðina vegna aðkomu að orlofshúsum norðan hennar.

Síðuskóli, deiliskipulag lóðar.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. janúar 2003 samþykkt deiliskipulag lóðar Síðuskóla. Í deiliskipulaginu er kveðið á um aðkomu og bílastæði, byggingarreiti fyrir viðbyggingar við skólann, stækkun lóðar o.fl.

Hafnarsvæði, Krossanesi, breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. janúar 2003 samþykkt breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis í Krossanesi. Breytingin felst í því að í stað samfellds hafnarbakka meðfram öllu hafnarsvæðinu koma tveir aðskildir bakkar, sá syðri með breytta stefnu m.v. áður gildandi skipulag.

Ofangreind deiliskipulög hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þau þegar gildi.

Akureyri, 29. apríl 2003.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu almenns og sérstaks vörugjalds af bensíni til sendimanna erlendra ríkja.

1. gr.

Erlend sendiráð og sendierindrekar (diplomatic agents) skulu fá endurgreitt almennt og sérstakt vörugjald af bensíni vegna bifreiða í þeirra eigu.

2. gr.

Til þess að hljóta endurgreiðslu skv. 1. gr. verður bifreið að vera á sérstökum skráningarkerkjum fyrir ökutæki erlendra sendiráða og erlendra sendiráðsmanna, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 78/1997, um skráningu ökutækja, með síðari breytingum.

3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal beina til utanríkisráðuneytisins og fylgi umsókn frumrit af þeim reikningum sem endurgreiðslubeiðni er byggð á. Eftir að utanríkisráðuneytið hefur